



# Framtíð Íslenskrar skelræktar - útlitið framundan

Elvar Árni Lund  
Formaður SKELRÆKTAR

Strandbúnaður 2018, Grand Hótel Reykjavík, 19.-20. mars.

# Ekki mjög bjart framundan !

- Af fjölmörgum sem hafa reynt og byrjað eru aðeins ÞRÍR aðilar virkir í dag
- Þrátt fyrir mikla möguleika á öflugri ræktun hérlendis
- Bláskel vex vel og dafnar við strendur Íslands – næringarríkur og hreinn sjór





# Mikil eftirspurn á Íslandi eftir bláskel

- Eftirsótt vara á veitingastöðum
- Ferðamenn spenntir fyrir „local food source“
- Kræklingur er vel þekkt vara víða um heim – þykir góður og hollur matur sem auðvelt og fljótlegt er að elda


# En hvað er þá málið?

- Hvers vegna gengur greininni svona illa að „slíta barnskónum“?
- Hvers vegna eru ekki framleidd á Íslandi hundruðir tonna til að anna innlendri eftirspurn og jafnvel þúsundir tonna til útflutnings á erlenda markaði?
- ENGIN VÍSINDALEG SVÖR VIÐ ÞESSUM SPURNINGUM

# Mín tilraun til svars...

- Stuðningur frá stjórnvöldum svo gott sem enginn við greinina – hefur ekki verið og er ekki til staðar
- Lítil skilningur stjórnvalda á sligandi kostnaði við uppskeruleyfi og eftirlitsgjöld
- Strangara regluverk en sambærilegar greinar glíma við



- 
- Rannsóknnum á grunnsævinu er verulega ábótavant – bráðvantar að vakta hafsvæði m.t.t. lírfusöfnunar, hita og seltustigs (ódýr verkefni)
  - Enginn sameiginlegur reynslubanki til
  - Engin stefnumótun til fyrir greinina



# Greinin er **brennimerkt** af mistökum frumkvöðlanna

- „Þetta er ekki hægt á Íslandi, búið að reyna þetta í Eyjafirði og sjáið hvernig það fór“
- Hversu lengi á að miða allt út frá strandi frumkvöðlanna?
- Róm var ekki byggð á einum degi!

# Hvernig græðir maður pening?

- Það kostar pening að græða pening
- Skelrækt mun aldrei komast á það stig að skila arði á meðan núverandi stefna stjórnvalda er þessi:

⇒ Éta útsæðið





# Hvernig byrjaði laxeldið á Íslandi?

- Alls konar tilraunir
- Stærstu gjaldþrot Íslandssögunnar (fyrir Hrúnið)
- Hillir loks í að fiskeldi verði arðbær atvinnugrein

# Orð ráðherra til Skelræktar við setningu Strandbúnaðar 2018

- ...." Skelrækt verður ekki arðbær atvinnugrein á Íslandi nema með aðkomu erlendra sérfræðinga og fjárfestingu..."
- Margt til í þessu EN:
- Ef skelrækt á Íslandi á að vera spennandi fjárfesting fyrir erlenda aðila verða viðmót stjórnvalda til greinarinnar að bera það með sér að hér sé til staðar skilningur á því hvers eðlis skelrækt er og að reglur og gjaldskrár taki mið af því!
- Á bæði við um kræklingarækt og hugsanlega ostrurækt.